



Ávarp Höllu Gunnarsdóttur, formanns VR, á aðalfundi 26. mars 2025

Ágætu félagar.

Það er mér ánægja og heiður að stíga hér í pontu og fara yfir störf stjórnar VR á liðnu starfsári, ásamt því að fjalla um þær áskoranir sem við stöndum frammi fyrir.

Hinn 29. október sl. fór ég, þá varaformaður VR, á fund stjórnar VR að kvöldi og mætti strax til vinnu í Kringlunni 7 næsta morgun til að gegna fyrir þáverandi formann, sem hafði ákveðið að söðla um og gefa kost á sér til starfa á Alþingi. Niðurstaða Alþingiskosninga leiddi til þess að Ragnar Þór Ingólfsson sagði af sér formennsku og nú um miðjan mars hlaut ég umboð í allsherjarkosningum til að leiða félagið áfram.

Ég er þakklát fyrir þann mikla stuðning sem ég fékk í kosningunum og ég vil nota tækifærið hér til þess að þakka mótframbjóðendum mínum fyrir kosningabaráttuna. Hún var lífleg og skemmtileg og að mestu leyti jákvæð og uppbyggileg. Um leið sóttust sextán einstaklingar eftir sjö sætum í stjórn og það er mikill styrkur í því fyrir VR að fjöldi hæfs og öflugs fólks gefi kost á sér til trúnaðarstarfa fyrir félagið. Af því megum við vera stolt og þannig viljum við hafa þetta.

Sjálf held ég auðmjúk áfram, en líka full af baráttuvilja og framkvæmdagleði.

Nú er liðið ár frá því að undirritaðir voru kjarasamningar sem gilda til þriggja ára til viðbótar.

Umræða um forsendur kjarasamninga á það til að vera ruglingsleg og ég hef orðið vör við ákveðinn misskilning um hvenær þær geti talist brostnar. Vissulega voru forsendur kjarasamninga að verðbólga færi niður og vextir um leið og á þeim grunni samþykkti fjöldi VR félaga samningana.

Hin eiginlegu forsenduákvæði, sem geta leitt til þess að samningar halda ekki, eru þó aðeins tvö og lúta annars vegar að því að ársverðbólga verði undir 4,95% í ágúst nk. og hins vegar að því að stjórnvöld standi við gefin fyrirheit. Eins og staðan er núna er ekkert sem bendir til þess að verðbólgan verði umfram markmið og þrátt fyrir að stýrivextir séu enn gríðarlega háir halda samningar.

Við í VR vorum gagnrýnin á veik forsenduákvæði samninganna og það er staðreynd að verkalyðshreyfingin tók umtalsverða áhættu með því að undirgangast launahækkunar undir verðbólgu. Enda hefur komið í ljós að hvorki launafólk né atvinnurekendur gátu almennt ekki felld sig við þessar lágu launahækkunar. Því hefur orðið launaskrið, sem er núna bætt taxtavinnufólki með sérstökum kauptaxtauka – og er það vel.

Í hvert sinn sem skýringa er leitað á verðbólgu á Íslandi er hrópað: laun! Alla jafna er vísað til launa venjulegs vinnandi fólks, ekki til arðgreiðslna og bónusa efsta lags samfélagsins, eða til launa stjórnmalastéttarinnar, sem ævinlega lýtur öðrum lögmálum.

Verðbólgan sem við glímum við núna átti sér ekki rætur í launum. Hún átti sér fyrst og fremst rætur í óstjórn í húsnæðismálum, en einnig utanaðkomandi áhrifum og gróðasókn íslenskra fyrirtækja sem birtist okkur í háu verði á nauðsynjum, hvort sem þær nefnast matur eða tryggingar, internet eða

klósettpappír. Þau eru mörg sem vilja þakka lágum launahækkunum niðurtúr verðbólgunnar og amast út í aðrar stéttir fyrir að ná fram bættum kjörum. Þá er horft framhjá því að verðbólgan var á niðurleið fyrir undirritun samninganna. Og enn fremur má spyrja: hvað þá með launaskriðið? Af hverju hefur það ekki sett verðbólguna aftur af stað?

Þetta einfalda samband milli launa og verðbólgu er ekki fyrir hendi og samtök launafólks þurfa að hamra á því.

Ég tel að það sé okkur í VR mikilvægt að draga lærdóm af síðustu kjarasamningum. Í annað skipti á tveimur árum lentum við í þeirri stöðu að samningar voru undirritaðir sem voru síðan notaðir til að festa okkur inni. Í fyrra gekk það svo langt að þegar við ætluðum að reisa kröfur fyrir hönd starfsfólks Ícelandair á Keflavíkurlugvelli, sem starfar eftir óboðlegu vinnufyrirkomulagi, hótuðu Samtök atvinnulífsins að beita verkbanni á allt okkar félagsfólk í skrifstofustörfum. Þetta er gamalkunn aðferð og hún gengur út á að deila og drottna.

SA vonaðist til að skrifstofufólk í VR myndi ekki styðja verkfallsaðgerðir lítils hóps ef áhrifin væru verkban. Vissulega var ýmislegt í aðdragandanum og í nálgun VR í samfloti við hina svokölluðu Breiðfyllingu sem hefði mátt vera með öðrum hætti. En það breytir því ekki að hótun SA um að beita verkbanni var gerræðisleg. Í flestum OECD löndum eru verkbönum settar skorður, sums staðar eru þau hreinlega bönnuð, og það er ekki víða sem hægt væri að beita verkbanni algjörlega úr hlutfalli við mögulegt verkfall.

Ég segi eins og sænsk-bandaríska verkalyðshetjan Joe Hill: „don't mourn, organize!“ , sem mætti þýða með smá skáldaleyfi sem „eigi skal gráta Björn bónda, heldur safna liði ,“ þótt markmiðið hér sé alls ekki að leita hefnda eins og átti við um vini Björns, heldur öðru fremur að ná góðum kjarasamningum!

Undirbúningur næstu kjarasamninga hefst núna í apríl. Við ætlum að mæta til viðræðna vel undirbúin, með skýra sýn og sameinuð. Við ætlum ekki að lenda upp við vegg og við ætlum ekki að láta sundra okkur. Jafnvel þótt innan okkar raða sé ólíkt fólk þá eru sameiginlegir hagsmunir okkar ríkir.

Eitt af því sem mestu skiptir þegar við ávinnum okkur kjarabætur er að þær séu ekki teknar af okkur jafnóðum í gegnum aukna gjaldtöku, ný gjöld, skerta þjónustu, verðhækkanir, nýjar tekjutengingar og hærri húsnæðiskostnað.

Því miður er það svo að stjórn bæði efnahagsmála og húsnæðismála litast alltof mikið af sérhagsmunum á meðan almannahagsmunir eru ekki virtir. Sl. haust fengum við til landsins Clöru Mattei, sem er prófessor og virt fræðakona á sviði hagfræði og niðurskurðarstjórn mála. Málþingið með Clöru var liður í því að byggja upp þekkingu meðal okkar á efnahagsmálum og þeim ákvörðunum sem eru teknar á æðstu stöðum og hafa bein áhrif á afkomu launafólks. Það er til dæmis ekki sjálfsagt að í hvert skipti sem árar illa séu stýrivextir hækkaðir upp úr öllu valdi, algjörlega án þess að hægt sé að færa á það sönnur að með því móti megi ná tökum á efnahagnum.

Hávaxtastefna er hápólitísk og markmið hennar er að vernda fjármálastofnanir og þau sem eiga, en láta þau sem skulda og leigja taka skellinn. Tilkostnaðurinn er gríðarlegur, árangurinn vægt sagt umdeilanlegur og langlundargeð almennings gagnvart þessum veruleika er með ólíkindum.

Við munum halda áfram að byggja upp þekkingu á efnahagsmálum út frá hagsmunum launafólks og sinna hagsmunagæslu okkar félagsfólks gagnvart bæði stjórnvöldum og atvinnulífinu.

Við látum líka verkin tala.

Nú á þessu ári hefur VR afhent VR félögum íbúðir í tveimur fjölbýlishúsum í Úlfarsárdal, undir merkjum íbúðafélagsins VR Blær. Forveri minn í embætti, Ragnar Þór Ingólfsson, átti þarna stóran hlut að máli, ásamt húsnæðisnefnd VR og skrifstofu félagsins. Íbúðir VR Blævar eru byggðar eftir nýrri hugsun á leigumarkaði þar sem örugg afkoma og búsetuöryggi eru í fyrirrúmi.

Markmiðið er enda ekki að maka krókinn, heldur að byggja heimili fyrir fólk og leigan er að jafnaði tugum þúsunda undir markaðsleigu. VR fær sína fjárfestingu til baka í gegnum hækkun á fasteignaverði og fer því hér eftir sem hingað til vel með fjármuni félagsfólks. Með tilkomu Blævar sýnir VR hvert leiguverð getur verið og stuðlar þannig að jafnvægi á leigumarkaði. En auðvitað þarf miklu meira að koma til og við munum halda áfram að vinna að húsnæðismálum fyrir unga sem aldna.

Kæru félagar,

Þegar ég tók við embætti formanns í lok síðasta árs einsetti ég mér að hringja í alla trúnaðarmenn félagsins. Um leið ákvað ég að hitta alla nýja trúnaðarmenn í nýliðamóttöku trúnaðarfólks og ég ætla mér að halda áfram að eiga í góðum og tíðum samskiptum við okkar fólk á vinnustöðum. Þau eru hjartað í starfi félagsins, tengingin við allt okkar vinnandi félagsfólk sem er um 40 þúsund og starfar í ólíkum störfum og víða um land. Og ef við ætlum að ná árangri andspænis þeim fjölmörgu áskorunum sem við stöndum frammi fyrir, þá verðum við að vera í góðum tengslum.

Af þessum samtölum og heimsóknum inn á hundruð vinnustaða í kosningabaráttunni hef ég lært ótrúlega margt um félagið. VR félagar vinna afar dýrmæt störf og halda uppi mörgum af allra mikilvægustu fyrirtækjum landsins. Við tilheyrum mismunandi tekjuhópum, erum af ólíkum kynjum, á mismunandi aldri og af 128 þjóðernum. En við eigum líka ríka sameiginlega hagsmuni. Og það sem mikilvægast er: við eigum félagið okkar saman og þar liggur okkar styrkur.

Ég hef lagt áherslu á að stjórn og trúnaðarráð endurspegli félagið eftir því sem mögulegt er og það er mér sérstök ánægja að sá listi sem nú liggur fyrir til trúnaðarráðs mun auka hlutdeild ungs fólks og fólks af erlendum uppruna í trúnaðarráði, en skort hefur á þær raddir í ráðinu.

Enn fremur kusu VR félagar fulltrúa á mjög breiðu aldursbili til setu í stjórn VR núna í mars og jókst á fjölbreytni starfstétta innan stjórnar. Reyndar kusu VR-ingar aðallega konur, sem er í takt við tíðarandann núna, en við styðjumst við fléttulista til að tryggja hlut karla í stjórninni og því verður kynjahlutfallið eftir sem áður jafnt í stjórn.

Á ekki löngu tímabili hefur hlutfall erlendra ríkisborgara farið úr 8% í 17% af félagsfólki. Þá eru ótalin öll þau sem eiga erlendan uppruna en hafa öðlast ríkisborgararétt hér á landi. Að frumkvæði jafnréttisnefndar VR höfum við ráðist í átaksverkefni um að auka umræðu í samfélaginu um málefni launafólks af erlendum uppruna. Í því sambandi heyrir ég stundum minnst á að erlent launafólk eigi að aðlagast okkur sem hér erum fyrir. En svona einhliða nálgun gengur ekki upp. Við þurfum öll að aðlagast breyttum vinnumarkaði og þess vegna notum við hugtakið inngilding sem setur ábyrgð á

herðar okkar allra. Við getum ekki haldið samfélaginu úti eingöngu með því vinnuafli sem hér hefur fæðst og mælt sín fyrstu orð á íslensku. Þetta er staðreynd og við ætlum að vinna með hana.

Sí- og endurmenntun sem samið er um í kjarasamningum hefur reynst dýrmæt til að vinna að inngildingum og þessi málaflökkur hefur sjaldan verið mikilvægari en nú, á tímum hraðra tæknibreytinga og gervigreindar. Á liðnu starfsári vann VR áfram að markmiðum samstarfsamnings félagsins við SVP, meðal annars með opnun vefsíðunnar *Ræktum vitið* sem er gagnlegt tól fyrir starfsfólk og stjórnendur í leit að upplýsingum um þá símenntunarmöguleika sem standa til boða. Mörg tókum við möguleikum til sí- og endurmenntunar sem sjálfsögðum hlut. En við skulum muna hvað þetta eru mikilvæg réttindi og að fyrir þeim var barist, því það er ekki langt síðan hreyfanleiki á vinnumarkaði var alls ekkert sjálfsagður.

Kæru félagar,

Ég er nýkomin af ráðstefnu UNI Europa sem eru regnhlífarsamtök fyrir stéttarfélög þjónustugreina innan Evrópu og hluti af samsvarandi alþjóðasamtökum, UNI Global. Það var þungt hljóð í mörgum kollegum okkar í Evrópu. Öfgafullri pólitískri hugmyndafræði vex fiskur um hrygg og hún sprettur ekki upp úr tómarúmi. Áratugum saman höfum við gengið út frá því að lífsgæði fari sífellt batnandi og að börnin okkar muni lifa við jafnvel betri aðstæður en við. En nú erum við að sjá hið gagnstæða gerast, lífsgæðin fara dalandi. Og það er ekki vegna þess að það sé ekki nóg til. Á sama tíma og hagur lág- og millitekjufólks hefur versnað hafa hin ofsaríku orðið ríkari og ójöfnuður aukist. Þetta eru pólitískar ákvarðanir og afleiðingin er sú að venjulegt fólk missir trúna á lýðræðið.

Einn af stærri póstum þessarar afturfarar hefur verið skipulagt niðurbrot á stéttarfélögum. Þar sem þau hafa verið brotin á bak aftur býr vinnandi fólk við mun lakari kjör, afkomuöryggi og jafnvel fátækt þrátt fyrir fulla vinnu.

Hér á landi sjáum við ýmsar birtingarmyndir tilrauna til niðurbrots á stéttarfélögum. Bera þar hæst hugmyndir Samtaka atvinnulífsins um auknar valdheimildir ríkissáttasemjara, sem núverandi stjórnvöld hafa gert að sínum í nafni hagræðingar í ríkisrekstri. Það er óviðunandi að stjórnvöld ljái máls á breytingum á vinnumarkaðslöggjöfinni án samráðs við verkalýðshreyfinguna. Hugmyndir um auknar valdheimildir ríkissáttasemjara ganga í raun út á að draga úr vægi kjaraviðræðna og færa heldur valdið til eins erindreka ríkisins. Við höfnum því alfarið.

Önnur birtingarmynd hugmyndafræði niðurbrotsins er í fjölgun gulra stéttarféлага, sem stundum eru nefnd gervistéttarfélög. Umræða um Virðingu hefur farið hvað hæst undanfarið og skemmst er minnst þess þegar Play stofnaði sitt eigið stéttarfélag. Auðvitað er þægilegra fyrir atvinnurekendur að semja við sjálfa sig, en út á það ganga kjarasamningar alls ekki.

Við í VR stöndum líka andspænis ágangi gervistéttarféлага. Félag svokallaðra lykilmanna herjar á okkar félagsfólk með loforðum um sömu réttindi fyrir minni pening. Félagið stundar svæsna markaðssetningu í gegnum vinsælt hlaðvarp þar sem efnisgerð og auglýsingum er grautað saman með áður óþekktum hætti og hlustendur, og þá sérstaklega félagsfólk VR, eru iðulega hvattir til að ganga til liðs við Félag lykilmanna.

En hvers vegna ekki að ganga til liðs við gervistéttarfélög? Hvað græðum við á því að vera félagar í fullgildum stéttarfélögum?

Ég get nefnt nokkur dæmi um það sem við höfum grætt á því:

Helgarfrí, sumarfrí, kaffihlé, afmarkaðan vinnudag, veikindarétt og fæðingarorlof. Já, og hærrí laun í takt við verðmæti vinnu okkar. Þar sem öflugrar verkalýðshreyfingar nýtur ekki við hefur aukin framleiðni undanfarinna áratuga farið í vasa stórfyrirtækja en ekki þeirra sem búa til verðmætin.

Kæru félagar, ef ekki hefði verið fyrir skipulagða kjarabaráttu á Íslandi væri millistéttin hreinlega ekki til í þeirri mynd sem við, millitekjufólkið í VR, þekkjum. Í löndum þar sem stéttarfélag hafa verið brotin niður gerist það undantekningalaust að millitekjufólk hættir að geta lifað af launinum sínum. Fátækt vex og hin ofsaríku verða ríkari.

Við eigum að segja nei við öllum tilraunum til niðurbrots á stéttarfélagum á Íslandi. Ekki láta loforð um gull og græna skóga villa ykkur sýn. Áður en þið ákveðið að spara aurinn með því að vera ekki félagar í stéttarfélagi, munið að þið eruð að kasta krónunni. Lægra félagsgjald breytist hratt og örugglega í lægri laun og lakari kjör þegar skipulagðri kjarabaráttu sleppir.

Fleiri mál hvíla þungt á alþjóðasamtökum launafólks. Ástandið í Palestínu litar allt alþjóðasamstarf og á fundinum í Belfast standa í þessum töluðu orðum yfir deilur um afstöðu sambandsins til átakanna. Oft heyrast þær raddir að samtök launafólks ættu ekki að fjalla um stríðsátök og heldur sneiða hjá málum sem kunna að valda ágreiningi og varða ekki með beinum hætti stöðu og kjör launafólks. Við því er það að segja að stríð varðar alltaf stöðu og kjör launafólks og verkalýðshreyfingin hefur frá upphafi sinna daga verið friðarhreyfing. Það er eðlilegt að á reyni í alþjóðasamstarfi þegar jafn grimmileg átök geysa og nú á við í Palestínu en það er einörð skoðun mín að við getum ekki segið þegjandi hjá þegar alþjóðastofnanir átelja ísraelsk stjórnvöld fyrir stríðsglæpi, glæpi gegn mannkyni og líklegt þjóðarmorð, svo vitnað sé í orðfæri Sameinuðu þjóðanna. Stjórn VR hefur ályktað um Palestínu, krafist vopnahlés, á talið íslensk stjórnvöld fyrir skort á ábyrgð á alþjóðavettvangi og lýst yfir stuðningi við sniðgönguhreyfinguna. Með þessu talar VR í takt við Alþýðusamband Íslands, heildarsamtök launafólks í Evrópu og alþjóðasamtök launafólks. Við höfum líka fordæmt innrás Rússlands í Úkraínu, því við vitum að vinnandi fólk á allt undir því að alþjóðalög séu virt.

Kæru félagar,

Aftur hingað heim, eins og fréttafólk segir gjarnan.

Í lok febrúar spannst opinber umræða um biðlaunamál fyrrum formanns VR, eða öllu heldur greiðslur til hans á uppsagnarfresti. Þótt ég hafi enga aðkomu haft að launum eða uppgjöri við forvera minn þá finnst mér mikilvægt að minnast á þetta mál hér því það hefur verið til umræðu á velflestum kaffistofum og í heitupottum landsins. Samkvæmt samningi sem gerður var árið 2017 og var áþekkur samningum við fyrrum formenn naut formaður réttar til sex mánaða uppsagnarfrests án starfsframlags.

Í samningnum var ekki gerður neinn fyrirvari um að laun í mögulegu nýju starfi kæmu til frádráttar. Rétt er að taka fram að fyrrí formenn voru allir kjörnir úr embætti og því þótti að jafnaði eðlilegt að þeir nytu réttar til uppsagnarfrests. Það var ný staða sem kom upp þegar formaður hætti til að hverfa til starfa sem kjörinn fulltrúi þjóðarinnar. Eðlilega spurði félagsfólk hvers vegna ekki giltu um hann sömu reglur og um flest vinnandi fólk að laun í nýju starfi kæmu til frádráttar. Það er skýrt að mati bæði framkvæmdastjóra og lögmanns VR að félaginu var ekki stætt á öðru en að inna greiðslu uppsagnarfrestsins af hendi, nema þá að fyrrum formaður ákvæði annað. Hins vegar hefur stjórn VR tekið þá ákvörðun að til framtíðar verða skilyrði sett með greiðslu á uppsagnarfresti til að koma í veg fyrir að slíkt komi upp aftur.

Það er mikilvægt fyrir traust gagnvart félaginu að félagsfólk hafi fullan skilning á þeim kjörum sem kjörnir fulltrúar njóta og að reglur í kringum þau séu sambærileg því sem félagsfólk þekkir.

Innan félagsins stöndum við frammi fyrir viðamiklum verkefnum og munu þau að hluta til koma til umfjöllunar á þessum fundi. Málafni varasjóðsins hafa verið til umræðu um langa hríð í félaginu og eru uppi afar skiptar skoðanir um ágæti þess fyrirkomulags, sem er ólíkt styrkjakerfum annarra stéttarféлага. Innan bæði stjórnar og trúnaðarráðs hafa skoðanir verið afar skiptar og hefur stjórn tekið þá ákvörðun að efna til umræðu og atkvæðagreiðslu meðal félagsfólks. Við munum teikna upp styrkjakerfi að fyrirmynd annarra féлага og stilla því upp við hlið varasjóðsins, ásamt kostnaðarmati, og efna til kosninga meðal félagsfólks á milli þessara leiða. Atkvæðagreiðsla um deiluefni er aldrei fyrsta val og þið megið trúna að við höfum reynt að ræða okkur að niðurstöðu, en það hefur ekki gengið eftir!

Ég legg á það áherslu að hvor leiðin sem verður ofan á þá finnum við leiðir til að taka upp fæðingarstyrk, en slíkur styrkur er í boði hjá nánast öllum, ef ekki öllum, stéttarfélögum sem við berum okkur saman við.

Ég hlakka til að taka þetta samtal innan félagsins og hvet ykkur sem á þessu hafið skoðanir til að taka þátt í umræðunni, og kjósa!

Á þessum fundi stöndum við líka frammi fyrir ákvörðun um sameiningu við Leiðsögn, stéttarfélag leiðsögufólks. Óháð niðurstöðu í því máli þá hefur stjórn VR ákveðið að ráðast í vinnu um skipulag VR. Sameiningar við önnur félög hafa almennt gengið vel en það er löngu tímabært að setjast niður og skoða hvort félagslegt skipulag okkar þjóni starfseminni og félagsfólki okkar í ólíkum starfsgreinum og á ólíkum landsvæðum. Möguleg deildaskipting félagsins mun þar koma til umræðu og þá þarf að ræða hvort hún eigi að vera eftir landshlutum eða starfsgreinum eða einhverju allt öðru. Í öllu falli tel ég mikilvægt að skipulag VR tryggi að raddir okkar fjölbreytta félagsfólks heyrist í allri ákvarðanatöku og stefnumótun.

Kæru félagar,

Líkt og ég nefndi í upphafi tók ég við embætti formanns VR þegar Ragnar Þór Ingólfsson tók sæti á Alþingi. Ragnar Þór hafði gengt embætti formanns VR í tæp átta ár og setið í átta ár til viðbótar í stjórn félagsins. Hann hefur verið ópreytandi í gagnrýni sinni á fjármálakapítalismann, hvort sem hann birtist í starfsemi banka eða lífeyrissjóða, og hann lyfti grettistaki í húsnæðismálum með því að ryðja brautina fyrir Blæ leigufélag. Við Ragnar Þór tókumst oft á, en áttum líka feykgigt samstarf og mér þykir vænt um þá vinsemd og velvilja sem einkenndi formannsskiptin.

Þetta mun ætíð standa upp úr hjá mér og ég veit að við erum mörg innan félagsins sem berum ríkar væntingar til Ragnars Þórs á nýjum vettvangi. Ég nota því tækifærið hér og þakka Ragnari hans góðu störf í þágu félagsins og óska honum alls góðs í nýjum verkefnum.

Ég hef verið að dunda mér við að lesa æviminningar Magnúsar L. Sveinssonar, fyrrum formanns VR, sem varði lunga ævi sinnar í störf í þágu okkar félags á þeim tíma þegar Sjálfstæðismenn réðu félaginu. Skemmst er frá því að segja að þegar ég les ræður hans og greinar get ég tekið undir nánast hvert einasta orð. Því innlegg Magnúsar fjölluðu um hag VR félaga og í ríkum mæli þá staðreynd að fólk ætti að geta lifað af laununum sínum, auk þess sem hann vakti iðulega athygli á ósanngjörnum launamuni kynjanna og var eflaust á undan sinni samtíð. Ég segi þetta hér því oft er það svo að þótt við kunnum að skipa okkur í ólíka flokka eigum við ríka sameiginlega hagsmuni og það er ævinlega verkefni stjórnar VR að vinna að þeim.

VR hefur tekið breytingum á liðnum áratugum og það er óhætt að segja að hrunið hafi markað þar þáttaskil. Eins og staðan er í dag eru innan stjórnar VR einstaklingar víða úr hinu pólitíska litrófi og líka einstaklingar sem myndu aldrei láta kenna sig við stjórnarálflokk. Þetta er bæði gott og heilbriggt, við erum í forsvari fyrir stærsta stéttarfélag landsins og þó það nú væri að við komum úr ólíkum áttum og séum með ólíkar skoðanir! Í starfi fyrir stjórn VR ber okkur þó ætíð að setja hagsmuni VR félaga í fyrsta sæti og alla jafna tel ég að okkur farist það ágætlega úr hendi.

Kæru félagar,

Í næstu viku kemur ný stjórn VR saman til síns fyrsta fundar og við vitum öll að verkefni framundan eru viðamikil, en þau eru líka spennandi. Félagið iðar af lífi, færri komast að en vilja í trúnaðarstöður og þetta er einn af stærri aðalfundum sem hefur verið haldinn um langa hríð. Við tókumst á við verkefni framundan af einurð og heilum hug og við ætlum að vinna þau í góðu samtali við félagsfólk. Ég hvet ykkur öll til að láta í ykkur heyra. Við sem erum í forystunni erum kjörin af ykkur og okkar trúnaður liggur hjá ykkur. Ekki hika við að hafa samband með hver þau mál sem þið teljið mikilvæg. Við eigum þetta félag saman.

Ég hvet til opinskárrar umræðu. Ég hvet ykkur til að vera ósammála og viðra allar skoðanir sem kunna að vera á skjön við það sem ég hef hér sett fram. Því þannig náum við að þroska umræðuna og undirbyggja góðar ákvarðanir.

Gerum þetta saman, kæru félagar, það er bæði skemmtilegra og betra fyrir félagið.

Ég þakka stjórn og okkar framúrskarandi starfsfólki fyrir gott samstarf á starfsárinu og hlakka mikið til framhaldsins.